

Rekstrarsamningur

Hafnarfjarðarkaupstaður, kt. 590169-7579, hér eftir nefndur Hafnarfjarðarbær og Brettafélag Hafnarfjarðar, kt. 590712-0860, hér eftir nefnt Brettafélagið gera með sér samning um umsjón og rekstur á íþróttaaðstöðu félagsins í Brettahöllinni, Flatahrauni 14 og útisvæði í Hamranesi. Vísað er til annarra samninga milli aðila um þjónustu við bæjarbúa, sumarstarfsmenn úr Vinnuskóla og Hamranessvæðisins.

Umfang samnings

1. gr.

Samningurinn gildir um skrifstofurými sem Brettafélagið hefur til umráða 24,9 fermetrar. Íþróttasal um 440 fermetrar, móttöku, geymslu, WC og æfingarsvæði um 50 fermetrar, samtals um 520 m², með millilofti yfir geymslu í gömlu slökkvistöðinni að Flatahrauni 14. Einnig hefur Brettafélagið til umráða íþróttasvæði í Hamranesi fyrir snjóþettaæfingar.

Brettafélagið sér um rekstur aðstöðunnar í samræmi við ákvæði samnings þessa. Aðalstjórn Brettafélagsins er ábyrg fyrir rekstri og skal halda sig innan fjárhagsáætlunar Hafnarfjarðarbæjar ár hvert og leitast við að ná sem hagkvæmustum rekstri.

Afnot af íþróttasvæði og húsnæði Brettafélagsins

2. gr.

Brettafélaginu er heimiluð endurgjaldslaus afnot af og umsjón með íþróttasvæði og húsnæði Brettafélagsins eins og nánar greinir í samningi þessum.

3. gr.

Grunnskólabörnum er boðið aðgengi að íþróttaaðstöðu Brettafélagsins að vetri til sé þess óskað og þar með gefinn kostur á að kynnst íþróttinni í fullu samráði við Brettafélagið. Jafnframt er starfsmönnum Hafnarfjarðarbæjar og grunnskólabörnum boðið að nýta aðstöðu Brettafélagsins til að halda þemadaga, án endurgjalds eða gegn hóflegri gjaldtöku þ.e.a.s. ef Brettafélagið veitir bænum þjónustu vegna þessa, en þó þannig að það raski ekki hefðbundinni starfsemi Brettafélagsins. Um slík afnot skal haft samráð við Brettafélagið og áform þar um tilkynnt með minnst mánaðar fyrirvara.

Rekstur íþróttaaðstöðu Brettafélagsins

4. gr.

Umhirða, umgengni og þrif á Brettahöllinni er á ábyrgð Brettafélagsins og skal vera í samræmi við kröfur Hafnarfjarðarbæjar og heilbrigðisyfirvalda. Allar breytingar á Brettahöllinni og/eða lóð hennar eru óheimilar án skriflegs leyfis frá Hafnarfjarðarbæ.

Húsnæðið í heild sinni er í umsjá Umhverfis- og skipulagsþjónusta sem sjá um stærra viðhald á húsnæðinu.

Óheimilt er að nota húsnæðið á annan hátt en í starfsemi sem skilgreind er í lögum Brettafélagsins þ.e. snjóþettaeild, hjólríðadeild og almenningaíþróttadeild.

Brettafélag sér að öllu leyti á sinn kostnað um rekstur íþróttasvæðis og húsnæðis félagsins. Hafnarfjarðarbær leggur til framlag til að standa straum af hluta af rekstrarkostnaði íþróttaaðstöðu

Brettafélagsins skv. fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar ár hvert. Forsendur fyrir framlagi til rekstrar eru byggðar á rauntölum úr rekstri liðinna ára.

Greiðslur vegna samningsins skiptast með eftirfarandi hætti:

- a. Rekstrarframlag vegna breytilegs rekstrarkostnaði innan og utandyra (sbr. fylgiskjal 1 um skiptingu Umhverfis- og skipulagsþjónustu í viðhald og rekstur), greiðist með jöfnum greiðslum mánaðarlega. Hafnarfjarðarbær greiðir orkukostnað vegna Flatahrauns 14 eins og áður.
- b. Viðhald og endurnýjun áhalda og búnaðar (sem ekki fellur undir rekstrarframlag) greiðist af Hafnarfjarðabæ og byggist á forgangsörðun verkefna og fjárhagsáætlun ár hvert. Umhverfis- og skipulagsþjónusta í samvinnu við Brettafélagið sér um innkaup að undangengnum verðkönnunum/útboði sem er í samræmi við innkaupareglur Hafnarfjarðarbæjar. Allt stærra viðhald húsnæðis er einnig í umsjón Umhverfis- og skipulagsþjónustu eða eigenda hússins.

5. gr.

Aðalstjórn Brettafélag sinnir skyldum samkvæmt samningi þessum. Brettafélag skuldbindur sig til að hafa að lágmarki einn starfsmann við störf í íþróttaaðstöðunni á hverjum tíma meðan starfsemi fyrir börn- og unglinga fer fram. Starfsmenn skulu hafa lokið sérstökum námskeiðum í skyndihjálpi fyrir starfsmenn íþróttamannvirkja og við ráðningu skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá.

Stjórn Brettafélags skal starfa í nánú samstarfi við íþrótt- og tómstundafulltrúa Hafnarfjarðarbæjar og verður að gæta þess að starfsemi Brettafélagsins brjóti ekki í bága við almennar reglur Hafnarfjarðarbæjar um rekstur slíkra íþróttamannvirkja. Hún skal sækja þá fundi sem íþrótt- og tómstundafulltrúi telur nauðsynlega til samræmingar á starfsemi íþróttamannvirkja í Hafnarfirði og leitast við að tryggja gott upplýsingaflæði milli Brettafélagsins og Hafnarfjarðarbæjar. Hún skal einnig leitast við að aðlagja rekstur Brettafélagsins að þeim ábendingum sem íþrótt- og tómstundafulltrúi kemur á framfæri fyrir hönd Hafnarfjarðarbæjar.

6. gr.

Brettafélagið fær í sinn hlut allar tekjur sem reksturinn kann að gefa af sér, í samræmi við samning þennan, og ber að greiða allan kostnað og gjöld sem af rekstri þess leiðir. Tekjur þessar eru ætlaðar til að styrkja félagið og til að bæta þjónustu við félagsmenn og bæjarbúa.

Brettafélaginu er heimilt að stunda sölustarf í íþróttaaðstöðunni á sína ábyrgð og að uppfylltum skilyrðum laga og reglna hvað það varðar og með samþykki íþrótt- og tómstundafulltrúa.

Brettafélaginu er heimilt að setja upp auglýsingar sem samræmast jákvæðu gildi íþróttastarfs og heilbrigðra lífshátta á íþróttasvæðinu og á húsnæði Brettafélagsins og skal það gert í fullu samráði við íþrótt- og tómstundafulltrúa og arkitekta.

Fjáröflun Brettafélagsins skv. þessari grein er á þeirra ábyrgð, kostnað og áhættu og því óviðkomandi Hafnarfjarðarbæ.

Viðhald

7. gr.

Viðhald og rekstur íþróttasvæðis og húsnæðis Brettafélag skiptist í tvo þætti samanber viðmiðunarreglur Umhverfis- og skipulagsþjónustu um skiptingu í rekstur og viðhald (sbr. fylgiskjal 1),

- a. Viðhald innan dyra, á lóð og utandyra í umsjón Hafnarfjarðarbæjar eða eigenda hússins

b. Rekstur á íþróttasvæði og húsnæði innan- og utan dyra í umsjón Brettafélagsins

Viðhald/rekstur skal vera í samræmi við fjárhagsáætlun hvers árs og á þann hátt að starfsemi Brettafélagsins verði fyrir sem minnstum truflunum. Lögð er áhersla á að viðhaldið sé fyrirbyggjandi og að öllum öryggiskröfum verði fylgt hverju sinni.

Allt stærra viðhald skal samið sérstaklega um.

Forgangsáætlun um stærra viðhald skal framkvæmdastjóri skila inn til íþrótt- og tómstundafulltrúa fyrir 15. september ár hvert vegna verkefna sem óskað er eftir að farið sé í á næsta fjárhagsári. Forgangsáætlunina mun íþrótt- og tómstundafulltrúa síðan áframsenda til Umhverfis- og skipulagsþjónustu sem mun stilla upp verkefnum næsta árs miðað við fjárhagsáætlun og önnur verkefni í húseignum bæjarins.

8. gr.

Umhirða, umgengni og þrif á íþróttasvæði og fasteignum Brettafélagsins er á ábyrgð Brettafélagsins og skal vera í samræmi við kröfur Hafnarfjarðarbæjar og heilbrigðisyrvalda.

9. g

Skrifstofa íþrótt- og tómstundafulltrúa greiðir innri húsaleigu vegna alls hússins sem nú er um 3.7 milljón kr. á ári.

Upplýsingaskylda íþróttfélagsins og viðurlög

10. gr.

Brettafélaginu er skylt að halda bókhald vegna rekstrar íþróttasvæðisins sem skal fært samkvæmt almennum reikningsskilavenjum. Bókhaldið skal endurskoðað árlega.

- a. Brettafélaginu skal skila rekstraráætlun til íþrótt- og tómstundafulltrúa fyrir 15. september ár hvert.
- b. Brettafélaginu skal skila árshlutauppgjöri til íþrótt- og tómstundafulltrúa fyrir janúar til og með júní 15. september ár hvert.
- c. Brettafélaginu skal skila ársreikningi til íþrótt- og tómstundafulltrúa fyrir 15. apríl ár hvert.

11. gr.

Á grundvelli árshlutauppgjöra, ársreiknings og/eða rekstraráætlunar, getur Hafnarfjarðarbær gert athugasemdir, óskað eftir aðgangi að bókhaldsgögnum og viðeigandi fylgiskjöllum, frekari skýringum og komið með aðgerðaráætlun er varðar reksturinn. Verði Brettafélagið ekki við umbeðinni upplýsingagjöf eða aðgerðum er bænum heimilt að stöðva greiðslur frá næstu mánaðamótum eftir skiladag uns úrbætur hafa átt sér stað. Brettafélagið getur jafnframt óskað leiðréttinga á rekstrarframlagi á grundvelli framlagðra gagna.

12. gr.

Telji íþrótt- og tómstundafulltrúi að íþróttasvæði Brettafélagsins sé ekki rekið samkvæmt samningi þessum, og eins og gildandi lög og reglur gera ráð fyrir, varðandi færslu bókhalds, reglur um vinnueftirlit, samninga um réttindi og kjör starfsmanna, reglur um heilbrigði og öryggi, skal hann skriflega knýja á um úrbætur á því sem ábótavant er. Verði Brettafélagið ekki við þeim tilmælum er Hafnarfjarðarbær heimilt að stöðva greiðslur samkvæmt samningi þessum frá næstu mánaðamótum uns úrbætur hafa átt sér stað.

Ýmislegt

13. gr.

Eftirfarandi fylgiskjöl fela í sér nánari útfærslu á afnotum félagsins af svæði Brettafélagsins, og eru þau óaðskiljanlegur hluti samnings þessa:

Fylgiskjal1: Skipting Umhverfis- og skipulagsþjónustu í rekstur og viðhald
Fylgiskjal 2: Listi yfir lög, reglugerðir og samþykktir Hafnarfjarðarbæjar um rekstur íþróttahúsa

Fylgiskjal 3: Rekstrarframlag 2018

Fylgiskjal 4: Opnunartími og starfsemi Brettafélagsins

Breytingar á fylgiskjöllum verða aðeins gerðar með samþykki beggja aðila og gert er ráð fyrir að fylgiskjöl verði tekin til endurskoðunar svo oft sem þurfa þykir.

Öll brot á ákvæðum í fylgiskjali skoðast sem samningsbrot með sama hætti og brot á samningum sjálfum.

14. gr.

Samningur þessi tekur gildi 1. janúar 2018 og gildir til 31. desember 2023 eða þar til annar hvor samningsaðili óskar eftir endurskoðun/uppsögn með sex mánaða fyrirvara.

Við undirritun samnings þessa fellur úr gildi fyrri samningur um rekstrarstyrk milli Hafnarfjarbæjar og Brettafélagsins frá 10. desember 2015.

15. gr.

Samningur þessi telst fylgiskjal við samstarfssamning frá árinu 2008 milli bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og Íþróttabandalags Hafnarfjarðar. Verði gerðar breytingar á þeim samningi telst samningur þessi fylgiskjal nýs samstarfssamnings.

16. gr.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Samningur þessi staðfestur hér með í votta viðurvist.

Hafnarfirði, 22. febrúar 2018

Fh. Brettafélags Hafnarfjarðar
með fyrirvara um samþykki aðalstjórnar

Fh. Hafnarfjarðarbæjar
með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift aðila:

Fylgiskjal 1 – Samþykkt um skiptingu í rekstur og viðhald hjá stofnunum og íþróttafélögum

bæjarins.

Tekið úr „*Samþykkt um skiptingu í rekstur og viðhald í stofnunum bæjarins*“ Sem var unnin og staðfest af vinnuhópi Fasteignafélags Hafnarfjarðar og fulltrúa grunnskólanna 7. nóvember 2007.

Rekstur tilheyrir viðkomandi stofnunum/íþróttafélagi en viðhald umhverfis- og skipulagsþjónustu.

Stærra viðhald eigna íþróttafélaga/Hafnarfjarðarbæjar fer í hlutfalli eftir eignarhaldi.

Rekstur innan dýra	Viðhald innan dýra
Þrif Ljós og perur – önnur en endurnýjun ljósa Viðgerðir á sírennsli í WC og leki í krönum Lausar innstungur Viðgerðir á hurðalásnum og hurðahúnum Rekstur öryggiskerfa, hitakerfa, loftræstikerfa, vatnsúðunarkerfa og slökkvitækja Rafmagn- rekstrarkostnaður Vatnskerfi- rekstrarkostnaður Frárennsli, s.s. stíflur Viðgerðir á tækjum og búnaði Viðgerðir á húsgögnum, bólstrun o.þ.h.	Málning Gólfefni Loftaefni Fastar innréttingar Allar nýlagnir og endurlagnir á lögnum Öll ný kerfi skv. reglugerð s.s. brunakerfi
Rekstur, lóð og hús utan dýra	Viðhald, lóð og hús utan dýra
Umhirða á gróðri Snjómokstur og hálkuvarnir Sópun lóða Sandur og mól – endurnýjun Lagfæringar á leiktækjum á lóð Viðhald girðinga, s.s. brotnar fjalir og málun Veggjakrot Útljós: ljós og perur – önnur en endurnýjun Ljós Hreinsun á rennum og niðurföllum Viðhald neta í mörkum Í samvinnu við íþróttafulltrúa rekstur á battavöllum	Málun Viðgerðir á útveggjum Þak, þakkantar og þakrennur Gluggapóstar og gler Heilmálun girðinga Í samvinnu við íþróttafulltrúa viðhald á battavöllum

Stærra viðhald og endurnýjun húsnæðis og búnaðar (sem ekki fellur undi rekstur stofnunar eða íþróttafélags hér að ofan)

Forstöðumaður skal skila inn forgangsörðuðum verkefnum vegna stærra viðhald og endurnýjunar á húsnæðis og búnaðar til verkefnisstjóra umhverfis- og skipulagsþjónustu (íþróttafélögin skilatililögum til íþrótt- og tómstundafulltrúa) fyrir 15. september ár hvert vegna verkefna sem óskað er eftir að farið sé í á næsta fjárhagsári.

Forgangsáætlun íþróttafélaga mun íþrótt- og tómstundafulltrúa áframsenda yfirfarnar til verkefnisstjóra umhverfis- og skipulagsþjónustu.

Eftir að hafa farið yfir inn komnar áætlanir stofnanna og íþróttafélaga mælir verkefnisstjóri hjá umhverfis- og skipulagsþjónustu sér mót við forstöðumann hvernar stofnunar (ásamt umsjónarmanni

fasteigna/íþróttá- og tómstundarfulltrúa) og þeir fara á vettvangi saman yfir þau viðhaldsverkefni sem fram koma á áætluninni. Vettvangsskoðun þessi verði eigi síðar en fyrstu viku í október ár hvert vegna undirbúningsvinnu fyrir fjárhagsáætlun næsta árs.

Eftir að þessu er lokið gerir verkefnisstjóri hjá umhverfis- og skipulagsþjónustu áætlanir sínar samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun og þegar ljóst er hvaða verkefni er mögulegt að vinna á næsta fjárhagsári er haldinn fundur með forstöðumönnum (og umsjónarmönnum fasteigna/íþróttá- og tómstundarfulltrúa) til að upplýsa þá um málið. Þetta verði gert eigi síðar en 31. janúar ár hvert.

Tekið saman/HS 28.10.2015

Fylgiskjal 2 – Listi yfir lög, reglugerðir og samþykktir Hafnarfjarðarbæjar um rekstur íþróttamannvirkja- og húsa

1. Íþróttalög nr. 64/1998 með síðari breytingum
2. Reglur um öryggi í íþróttahúsum, ásamt viðauka og skýringum, sem settar voru af Menntamálaráðuneytinu í okt 2002 og samþykktar af Íþrótt- og tómstundanefnd Hafnarfjarðar 07.08.2003.
3. Öryggis- og eftirlitshandbók fyrir íþróttahús, sem gerð var af Menntamálaráðuneytinu 2003.
4. Reglur um baðvörslu í íþróttahúsum og sundlaugum, frá 22.08.2003, sem samþykktar voru í Íþrótt- og tómstundanefnd Hafnarfjarðar 25.08.2003 og staðfest af Fjölskylduráði Hafnarfjarðar 03.09.2003.
5. Reglur um þrif í íþróttamannvirkjum Hafnarfjarðarbæjar, sem samþykktar voru í Íþrótt- og tómstundanefnd Hafnarfjarðar 11.02.2013 og staðfest af Fjölskylduráði Hafnarfjarðar 20.02.2013.
6. Umgengnisreglur í íþróttahúsum Hafnarfjarðar

Fylgiskjal 3

Rekstrarframlag 2018

Innri húsaleiga er áætluð 3,700.000 kr.

Brettafélagið		
	Framlag 2018	
Þjónustutekjur		
Hafnarfjarðarbær, rekstur mannvirkja	2,175,000 kr.	
Mótsgjald Bláfjalla	2,000,000 kr.	
Þjónustusamningur	2,650,000 kr.	
Samtals	6,825,000 kr.	
Launakostnaður		
Laun og launatengd gjöld	700,000 kr.	
Þrif	500,000 kr.	
Sumarstarfsmenn	- kr.	Sjá samning
Samtals	1,200,000 kr.	
Rekstur mannvirkja		
Viðhald húsnæðis og palla	250,000 kr.	
Þvottur, hreinlætisvörur	50,000 kr.	
Annar rekstrarkostnaður	300,000 kr.	
Samtals	600,000 kr.	
Annar rekstrarkostnaður		
Sími	50,000 kr.	
Ritföng	60,000 kr.	
Heimasíða	65,000 kr.	
Fundakostnaður	50,000 kr.	
Áhöld og tæki	150,000 kr.	
Samtals	375,000 kr.	
Heildargjöld	2,175,000 kr.	

Yfir sumartímann leggur Vinnuskóli Hafnarfjarðar til minnst 2 starfsmenn 18 ára eða yngri og er vinnutími í samræmi við reglur Vinnuskólans fyrir hvern aldur. Einnig leggur Vinnuskóli til flokkstjóra í 6-7 vikur til að stýra námskeiðahaldi á sumrin. Gerður er sérstakur samningur um framlag Vinnuskólans.

Brettafélagið annast sjálf launakostnað vegna annarra opnana en þeirra sem fram koma í fylgiskjali
4.

Fylgiskjal 4

Opnunartími og starfsemi Brettafélagsins

Brettafélagið rekur starf sitt í þremur deildum, snjóbrettadeild, hjóltreiddadeild og almenningisíþróttadeild. Fjórar íþróttagreinir eru stundaðar í húsinu og er tímum til þeirra úthlutað með eftirfarandi hætti:

Hjólabretti:

Hjólabrettaæfingar eru aldursskiptar

Mánudagar kl. 15 til 21

Þriðjudagar kl. 15 til 21

Föstudagar kl. 15 til 21

Laugardagar kl. 10 til 18

BMX:

Miðvikudagar kl. 15 til 21

Sunnudagar kl. 10 til 18

Snjóbretti:

Þriðjudagar kl. 18 til 20

Fimmtudagar kl. 18 til 20

Laugardagar kl. 10 til 14

Hlaupahjól:

Fimmtudagar frá kl. 15-21

Starfsemi snjóbrettadeildarinnar fer að mestu leyti fram í Bláfjöllum. Hafnarfjarðarbær greiðir mótsgjald fyrir Brettafélagið til skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins árlega. Hins vegar verða æfingar í Brettahöllinni ef lokað er í Bláfjöllum og enginn snjór innanbæjar. Brettafélagið vinnur að því að koma upp æfingaaðstöðu fyrir snjóbrettin í Hamranesinu, á svæði sem Umhverfis- og skipulagsráð hefur samþykkt að félagið hafi afnot af. Stefnt er að því að snjóbrettadeildin þurfi því ekki eins marga tíma í stóra salnum en nýti þá frekar litla salinn til styrktar- og tækniæfinga ef enginn snjór er innanbæjar.